



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 20. janúar 2025
24093318/003.01 AF

Efni: Leitað er heimildar bæjarráðs til þess að fara í mótun á málstefnu.

Leitað er eftir heimild bæjarráðs til þess að fara í mótun á fyrstu málstefnu bæjarins.

Stefnan yrði sett í samræmi við 130 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og lög um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011 og með hliðsjón af leiðbeiningum íslenskrar málnefndar um mótun málstefnu fyrir sveitarfélög, skóla og stofnanir. Tilgangur stefnunnar er að varðveita og efla íslenska tungu í starfsemi bæjarins og tryggja aðgengi að upplýsingum eins og kostur er.

Ferli um endurmat stefna sem sett var fram af hálfu stefnustjóra og stefnuráðs gerir ráð fyrir því að almennt fari fram mótun nýrra og endurmat stefna á þriðja ári frá sveitarstjórnarkosningum á tímabilinu október-apríl.

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og stefnustjóri leggja til að mótun málstefnu fari fram með þeim hætti að stofnaður verði vinnuhópur undir verkstjórn stefnustjóra með fulltrúa frá öllum sviðum auk jafnréttisfulltrúa sem stilli upp drögum að málstefnu.

Drögin verði síðan kynnt fyrir fagráðum og óskað eftir umsögn og ábendingum.

Starfsfólk ráða vinni úr mögulegum ábendingum og koma þeim til vinnuhópsins sem fer yfir þær og lagfærir drög ef þörf krefur. Drögin komi svo til umræðu og afgreiðslu hjá bæjarráði.

Virðingarfyllt,

Auður Finnbogadóttir
Stefnustjóri

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026